

Magnús Már Magnússon
Leah Tracy

Snjóflóðahrina í Mýrdalnum 5. til 12. marz 2002

1 INNGANGUR

Hringt var í Magnús Má Magnússon (MMM) frá Veðurstofunni klukkan 10:40 að morgni sunnudags vegna þess að frétt hafði að snjóflóð hafði fallið í Mýrdalnum og fjölmiðlar hefðu haft samband vegna þessa. MMM hafði samband við lögregluna og fékk upplýsingar um að flóð hafi fallið á bæinn Lækjarbakka í Reynishverfi. Hafði flóðið fallið norðan íbúðarhússins á bænum Reyni og farið á fjárhús, hlöðu og á íbúðarhúsið á bænum Lækjarbakka. Hafði það einnig lenti á vörubíl og lyft honum að hluta upp á þak íbúðarhússins, nánar til tekið upp á þak geymslu, sem er áföst íbúðarhúsinu. Einnig lenti það á tveimur jeppabifreiðum, sem stóðu á hlaðinu, færði þær úr stað um nokkra metra og velti annari.

Stuttu síðar var hringt frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og sagt frá að fyrirtækið væri að bora við Höfðabrekku og að þar hefði fallið snjóflóð 7. marz. Vildu starfsmenn fyrirtækisins vita hvort hætta væri á fleiri flóðum.

MMM var kominn á Veðurstofuna um klukkan 12:00. Var hann í sambandi við lögreglu og „tengil“ Veðurstofunnar í Mýrdalnum, Grétar Einarsson.

Síðar um daginn féllu fleiri snjóflóð. Bæirnir Lækjarbakki, Reynir, Presthús I og II og Garðar voru rýmdir og íbúarnir fluttir að Þórisholti og Reynishólum. Einnig var bærinn Skagnes rýmdur seinni part dagsins og undir kvöld voru tvö hús við Víkurbraut í bænum Vík rýmd vegna hættu á snjóflóðum.

Ákveðið var að Leah Tracy (LT) færi austur til Víkur morguninn eftir ásamt MMM.

2 VEÐURADDRAGANDI

Þann 5. marz nálgaðist 970 mb lægð úr VSV og fór A skammt fyrir sunnan land næsta dag. Henni fylgdi austanátt með snjókomu og skafrenningi í um sólarhring. Þann 7. marz var aðgerðarlítið veður, þó snjóaði snemma um morguninn og síðan einnig um nóttina. Næstu daga var lægð kyrrstæð SV af Reykjanesi og aðfaranótt þess 10. marz fór djúp lægð A fyrir sunnan land og var við Skotland þann 10. Þann 8. var áfram A-læg átt og skafrenningur en ekki teljandi úrkoma, en þann 9. marz og fram á næsta dag var allhvöss A-átt með talsverðri snjókomu og skafrenningi, en veðrinu slotaði síðdegis þann 10. marz. Frostið var lengst af á bilinu 0° til 5° stig. Í fyrri hríðargusunni mældist ekki mikil úrkoma, en allnokkur í þeirri seinni.

3 VETTVANGSFERÐ

Lagt var af stað til Víkur um morguninn á bílaleigubíl. Samband var haft við lögreglu og ákveðið að fara fyrst að bænum Skagnes og athuga aðstæður þar.

Tvö íbúðarhús eru á Skagnes en einungis er búið í öðru þeirra, Vestra-Skagnes. Upp af húsinu er hóll, sem gæti skýlt húsinu fyrir smærri flóðum. Brekkubrúnin ofan við bæinn fer lakkandi eftir því sem sunnar dregur og má ætla að hæð brúnarinnar ofan við bæinn sé nálægt 200 m y.s. Svo virðist sem slakki sé undir brúninni og gæti hann beint flóðum í átt að húsunum. Í mikilli snjósöfnun má ætla að þessi slakki fyllist af snjó og stór flóð úr þeim hluta upptakanna komi niður norðan við áðurnefndan hól. Upptakasvæðið sunnan þessa slakka getur sent flóð beint í stefnu á húsin, en „smærri“ flóð munu líklega sveigja eftir

Staðsetning á mælistöðvum í ÍSN93					
allar tölur eru í metrum					
Nafn	Hæð yfir sporvölu	Nákv. í hæð	Norður	Austur	Nákv. í plani
Lækjarbakki	105	2	324441	497435	1
Lækjarbakki N	112	2	324662	497446	1
Bjallaskurður og hlíð	109	2	324237	497518	1
Presthús	89	2	323364	497611	1
Garðar 1	67	11	322258	497737	3
Garðar 2	71	6	322274	497722	2

Tafla 1. Staðsetning á Leica-mælipunktum.

landslaginu og þá í átt frá nyðra húsinu. Hóllinn er ekki nógu stór til að bægja stórum flóðum frá og slík flóð halda stefnunni jafnt á Vestra–Skagnes sem það syðra.

Ofan upptakanna er aflíðandi grasi vaxin brekka. Þegar aðstæður voru skoðaðar var aðsópssvæðið alautt.

Syðra húsið eða Eystra–Skagnes er alveg óvarið. Áður fyrr var steipt útihús ofan við það, en þegar þetta er skrifað er það horfið. α -horn að íbúðarhúsinu er 22° .

Mæld voru þrjú snið með „Leica“ kíkinum af hólnum upp í hugsanleg upptakasvæði. Sjá viðauka 1.

Ábúandi Skagness segir að aldrei komi flóð úr brekkunni ofan bæjanna en ef þau kæmu, myndi hóllinn verja þá. Aftur á móti eru árviss flóð norðan bæjarstæðisins. Þar höfðu fallið 4 flóð, það syðsta sýnu stærst. Öll voru þau GPS-mæld, ljósmynduð og α -horn mæld. α -horn syðsta flóðsins mældist 17° . Upptök þess voru jafnbreið flóðtungunni þó brekkan væri skorin af grunnum giljum. α -horn næsta flóðs fyrir norðan var 23° , þess næsta var 25° og þess nyrsta var 24° upp á brún, en þar sáust ekki brotlínur. α -horn að þeim stað þar sem greina mátti brotlínur mældist 18° .

Þar á eftir var haldið inn í Reynishverfi og að bænum Lækjarbakka. Bærinn stendur undir hlíðinni, rétt neðan við þjóðveginn. Hlíðin er nokkuð gilskorin, en upp af bænum eru tveir hólar, sem nefnast Nyðri– og Syðri–Bjalli. Milli Bjallanna er nokkuð djúpt gil, sem mældist 7 m breitt við munna. Bjallarnir beina flóðum sitt til hvorrar handar en flóð sem lendir ofan í gilinu á milli þeirra, tekur stefnu beint á bæinn. Bærinn Reynir, sem stendur um 70 m sunnan við bæinn Lækjarbakka, stendur í nokkru skjóli við Syðri–Bjalla, en gæti hugsanlega lent í útjaðri flóðs, sem kæmi úr gilinu. Flóðið sunnudaginn 10. marz féll um 20 m fyrir norðan bæinn Reini. Það var GPS-mælt.

Nyrðri tunga flóðsins fór norður fyrir Nyrðri-Bjalla, niður með honum og stöðvaðist nokkra tugi metra ofan við veginn. Að öllum líkindum er þetta farvegur flóðsins, sem tók af fjárhúsin á Lækjarbakka árið 1968 (Ó.J. III bls. 334). Mæld voru snið upp farvegina ofan Lækjarbakka, upp gilið og farveginn norðan Nyrðri-Bjalla, og síðan upp Bjallaskurð og upp í kletta og að lokum snið upp brekkuna norðan við Einbúaskarð. Síðastnefndi farvegurinn liggur um Sýrudali og niður á Reynistún. Staðsetning mælistöðva í ÍSN93 hnitum er í töflu 1 og útprentun á nokkrum sniðum fylgja með þessu skjali.

Næst var haldið að Presthúsum og snið mælt upp brekkuna. Staðsetning mælipunktsins

er í töflu 1. Við Presthús hafa fallið nokkur flóð. Árið 1968 féll flóð við Efri-Presthús og tók fjárhús og hlöðu (Ó.J. III bls. 334). Sjá mynd 3.

Síðasti áfangastaðurinn í Reynishverfi var bærinn Garðar. Þar voru mæld tvö snið, annað upp frá súrheysturninum (Garðar 1) og hitt upp frá íbúðarhúsinu (Garðar 2). Hnit mælipunktanna eru í töflu 1. Flóð eru nokkuð algeng við bæinn Garða og hafa sum þeirra lent á bænum og útihúsum. Sjá mynd 2.

Frá Görðum var farið að Höfðabrekku, flóðið þar GPS-mælt og aðstæður skoðaðar. Borstaðurinn er beint undir klettum og ofan þeirra var aðlíðandi brekka full af snjó. Brekkan mun vera grasi vaxin. Ekki þótti ráðlegt að hefja vinnu aftur þar og var ákveðið að beðið yrði fram yfir hlákukafla, sem spáð var.



Mynd 1. Snjóhengjur í gilskorningi ofan við húsin sem voru rýmd í Vík.

Að lokum var farið inn í Vík og aðstæður skoðaðar við húsin sem voru rýmd. Sjá mynd 1. Ofan við húsin er gilskorningur sem gengur fram á klettabrún. Klettabrúnin er um 10 til 15 m há og er fallið lóðrétt frá brúninni. Neðan hlíðarinnar og u.þ.b. hálf leið að húsinum er kofi, sem er einungis notaður á sumrin. Í kringum hann hafði myndast allstór geil, um 2 m djúp sem myndaði eins konar leiðigarð fram hjá íbúðarhúsunum.

Á sunnudeginum höfðu heimamenn tekið eftir því að sprungur höfðu myndast í snjóinn meðfram brún gilskorningins. Þessar sprungur virtust stækka er leið á daginn og var það meginástæða þess að húsin þar fyrir neðan voru rýmd. Húsin eru í um 25 m fjarlægð frá klettinum. Snjóflóð úr gilskorningnum mun skella niður á slakka neðan klettsins og við það missa mikið af hreyfiorku sinni. Einnig er líklegt að sá snjór sem héldi áfram myndi sveigja eftir geilinni meðfram sumarhúsinu.

Við mættum á fund hjá almannavarnanefnd Víkur kl. 18:00. Þar var fjallað um stöðuna og rætt um hvort ætti að leyfa fólki að snúa til síns heima. Við máttum stöðuna þannig, að bænum Skagnesi væri ekki hætta búin nema ef snjóaði mjög mikið með vindi og skafrenningi. Því var ábúendum þar leyft að snúa heim til sín. Vegna óhagstæðrar veðurspár var ákveðið að viðhalda rýmingum í Reynishverfi og í húsunum tveimur inni í Vík.

Þá var rætt um snjóathuganarmann í Vík. Kom fram vilji almannavarnanefndarinnar að

í Vík yrði staðsettur snjóathugunarmaður. Svöruðum við því til að við myndum ræða þá hugmynd innan Veðurstofunnar en bentum á að slíkt væri háð fjármögnun og í ljósi aðhalds- aðgerða er óvíst um framgang þess máls. Mun sýslumaður, fyrir hönd nefndarinnar, senda Veðurstofustjóra bréf þessa efnis.

Gerðum við grein fyrir rýmingakortum og áætlunum, sem Veðurstofan vinnur eftir. Sögð- um við að það yrði tekið til athugunar hvort farið yrði út í gerð slíkra korta og áætlana fyrir Vík.

Einnig spurðu nefndarmenn um hættumat og skipulagsmál fyrir sveitarfélagið almennt. Gerðum við grein fyrir framgangi þeirra mála, bentum á að í tengslum við einstaka fram- kvæmdir er hægt að fara fram á bráðabirgðahættumat en hættumat vegna aðalskipulags verð- ur að vinna skv. forgangsroðun, sem nær til allra snjóflóðasvæða á landinu. Mikið liggur fyrir hjá Veðurstofunni og sem betur fer er Vík ekki ofarlega á lista yfir hættulega snjóflóðastaði.

Að loknum kvöldverði hittum við Grétar Einarsson, sem hefur verið Veðurstofunni innar handar við mat á snjóflóðaaðstæðum í og við Vík, og unnum að skýrslugerð.

Morgunin eftir voru aðstæður í Vík og víðar skoðaðar og mæltum við með því að íbúar fengju að snúa til heimila sinna.

Flóðin norðan við bæinn Skagnes voru að lokum GPS-mæld að nýju.

Að loknum hádegisverði var haldið í bæinn og komið á Veðurstofuna um klukkan 15:45.

4 FREKARI UPPLÝSINGAR UM SNJÓFLÓÐ Í MÝRDALNUM

Þó nokkuð er um snjóflóð í Mýrdalnum og hef ég tekið saman þær upplýsingar sem ég hef undir höndum um nokkra snjóflóðastaði sem ég hef heimsótt og skoðað.

4.1 Garðar, Reynishverfi


Sagnir eru um að snjóflóð hafi fallið á Garða árið 1824 eða 1825. Í þessu flóði fórst einn maður. Sagt er að flóðið hafi gengið inn um fjósið að þeim stað sem maðurinn svaf. Ekki er vitað hvar fjósið stóð.

Einar Klemensson sagði mér frá snjóflóði sem féll á Garða árið 1948. Sjá mynd 2. Flóð þetta mun hafa klippt í sundur kofa sem stóð rétt ofan við súrheysturninn. Fór það síðan niður á milli íbúðarhússins og útihúss sem stóð þar norðan við og niður á vegslóða, sem var neðan við bæinn. Flóðtungan var 3 til 5 metrar á þykkt. Frá vegslóðanum mældist úthlaupshorn- ið α frá brekkubrún 21° . Þetta flóð kom úr brekku sem er beint ofan við bæinn og nefnist Göngutorfa. Fyrir sunnan hana nefnist Löngubrekka og syðst er Skallhólsbrekka. Næsta brekka norðan við Göngutorfu heitir Pallabrekka, síðan kemur Tjarnhamar og þá Tjarnham- arsbrekka. Flóð koma iðulega úr þeirri brekku, en ekki er vitað til að þau hafi farið yfir veginn, α -horn á veginum er 25° .

Árið 1968 féll annað flóð við bæinn Garða, sjá Ó.J. III bls. 335. Þar segir að flóðið hafi stöðvast um 70 m frá bænum.

4.2 Presthús, Reynishverfi

Ofan við bæinn Presthús nefnist Valpúfa. Oft snjóar gífurlega í hana í NA og A áttum. Sunnan Valpúfu er Miðbrekka sem er beint upp af Djúpaleiti. Í Djúpaleiti er nýlegur sum- arbústaður. Þann 22. marz 1968 hljóp mikið flóð úr Miðbrekku. Féll hluti flóðsins á fjárhús við bæinn og eyðilagði þau. Áfastur hrútakofi slapp. Aðeins ofan við hrútakofann er ávöl hæð. Talið er að flóðið hafi klotnað á henni.



Mynd 2. Afstöðumynd af snjóflóðinu við bæinn Garða árið 1948.

Nýðri hluti flóðsins fór á fjárhúsin en syðri hlutinn sem var mun umfangsmeiri, fór niður í Djúpaleiti, þar sem nú er sumarbústaður. Flóðið fyllti Djúpaleiti, rann yfir veginn og langt niður fyrir tún og niður í mýrina sem þar var, en nú er búið að ræsa fram. Þegar þetta gerðist, var allt slétt og engir vélgrafnir skurðir en heimildarmenn sögðu að flóðið hafi stöðvast þar sem nú er fjórði skurður neðan við veginn. Mældist α -horn 14° þar sem flóðið á að hafa stöðvast. Höfðu heimamenn á orði að þetta hefði verið mjög mikið flóð. Sagt var, að flóðið hafi verið mjög laust í sér, „algjört púður“.


Niður af hrútakofanum og neðan vegar er hús sem heitir Harðivöllur í $\alpha = 20^\circ$. Það var reist árið 1967. Slapp það við flóðið '68.

4.3 Lækjarbakki, Reynishverfi

Við Lækjarbakka kom einnig flóð 22. marz 1968. Kom það úr brekkunni sem er norðan við Einbúaskarð. Féll það síðan niður í Sýrudali og niður Reynistún. Náði flóðið frá fjárhúsunum á Reyni, þar sem nú er vélageymsla sem var byggð þétt sunnan við gömlu fjárhúsin. Fór flóðið yfir veginn og niður á túnin neðan vegar. Mældist α -hornið þar sem flóðið átti að hafa stöðvast 19.5°. Breidd tungunnar var um 50 m en hún mun hafa verið mun breiðari ofar. Sunnan við Reynistúnin eru túnin á Reynisdal. Upp af þeim er Setan. Ekki er vitað um að flóð hafi komið þar niður.

Flóðið, sem tók fjárhúsin á Lækjarbakka árið 1968 mun hafa klofnað á Nyrðri-Bjalla, lítill hluti þess kom niður á milli Bjallanna, en meginhluti flóðsins fór norður fyrir, öfugt við það sem gerðist nú, 10. marz 2002. Norðurhluti flóðsins fór yfir veginn og stöðvaðist þar sem nú er annar skurður neðan við veg, $\alpha = 23^\circ$. Heystabbi, sem hafði staðið við fjárhúsin, stöðvaðist í $\alpha = 24^\circ$. Sá hluti flóðsins sem kom niður á milli Bjallanna náði alla leið niður á veg og var samkvæmt Þórólfi Gíslasyni, bónda á Lækjarbakka, 8 metra breitt á vegi.

Brekkurnar í Reynishverfinu hafa almennt viðhorf til vesturs og hafa það sameiginlegt að vera grasi grónar upp á brún. Í hrinunni '68 voru þrjú flóð stærst. Fyrst þeirra féll við Nyrðri-Bjalla, síðan það sem var ofan við Harðavöll og Presthús og síðast flóðið sem átti



Mynd 3. Afstöðumynd af snjóflóðinu sem féll við fjárhúsin frá Efri-Prestshúsum árið 1968.

upptök sín brekkunni norðan við Einbúaskarð.

4.4 Stóra-Heiði, Heiðardal

Heiðardalurinn er norður af Reynisfjalli. Afleggjarinn að honum liggur rétt austan við afleggjarann að Reynishverfi og í norður. Heiðarvatn er áberandi í landslaginu. Bærinn Stóra-Heiði er annar tveggja bæja í dalnum. α -hornið að íbúðarhúsinu á Stóru-Heiði er 16° svo frekar ólíklegt er að flóð nái að íbúðarhúsinu. Viðhorf brekkunnar er SSV. Ofan upptakanna er stór slétta, sem skefur af yfir í upptökin í NNA átt. Í raun eru tvö upptök ofan við bæinn en milli upptakanna og íbúðarhússins er gil, sem ver húsið að nokkru leyti. Þó er nokkuð algengt að flóð frussist upp úr gilinu og í átt að húsinu. Þegar þetta er ritað er einungis dvalið að Stóra-Heiði um helgar.

4.5 Höfðabrekka, 5 km austan við Vík

Bærinn Höfðabrekka stendur undir lágri en brattri hlíð ekki langt norðan þjóðvegarins. Brekkan er grasi gróin upp á brúnir nema allra austast. Þar er um 15 m hátt klettabelti í neðri hluti brekkunnar. Á bænum er nú rekið gistiheimili.

Þó nokkuð er um snjóflóð falli ofan við bæinn, þar af tvö í nýyfirastaðinni hrinu. Fór það síðasta niður á milli starfsmannahúss og vélaverkstæðis, $\alpha = 30^\circ$. α -horn að efsta húsi er 29° , en það er vélaverkstæði. Að starfsmannaíbúðum og þvottahúsi er α -hornið 27° . Að íbúðarhúsinu er α -hornið 20° og miðast það við kvosina sem er upp af bænum. Árið 1986¹ kom flóð að íbúðarhúsinu og tók með sér dráttavél sem hafði staðið 2 til 3 m ofan við húsin. Lagðist dráttavélin upp að útidyrnunum. Ekki er vitað um alvarlegar skemmdir. Þann 7. desember 1999 féll snjóflóð niður á milli húsa.


¹Ártalið er ekki alveg öruggt

4.6 Fagridalur, næsti bær við Höfðabrekku, nær Vík

Viðhorf upptakasvæðisins ofan bæjarinnis er í suður. α -horn að efstu húsum (reykhús) er 21° . Nokkuð sléttlendi er ofan upptakanna sem gæti skafið af yfir í upptökin. Íbúðarhúsið stendur uppi á 5 til 10 m háum hól. Farvegur neðan vestari hluta hugsanlegra upptaka liggur í „gili“ sem myndar náttúrulegan leiðigarði. Ekki er vitað um flóð við bæinn Fagradal.

4.7 Giljur, við Deildará, 6 km vestan Víkur

Viðhorf brekkunnar ofan bæjarins er í suður, α -horn að efstu húsum (fjánhús) er 23° . Hægt er að tala um að tvær brekkur séu ofan við bæinn. Hæð er í landslaginu svo íbúðarhúsið yrði hugsanlega í jaðri flóðs úr hærri brekkunni. Er hún um 50 m há og er α -horn að húsinu um 23° . Lægri brekkan er u.þ.b. 15 m há og er α -hornið að henni 28° . Tvö sumarhús eru við bæinn, austan við Deildará. α -horn að því eystra er 29° en ekki er til mæling að því vestara. Veturinn 1996 til 1997 fór flóð yfir geymslur sem standa við eystri bústaðinn. Í byrjun nóvember árið 1984 féll snjóflóð austan við íbúðarhúsið á staðnum. Sjá mynd 4. Miðað við lýsingar var α -hornið um 22° til 23° . Fór það niður á milli íbúðarhússins og



Mynd 4. Afstöðumynd af snjóflóðinu við bæinn Giljur árið 1984.

bolafjóss sem stendur nokkuð austar. Snjóflóð falla iðulega „dágóða vegalengd“ niður á túnin fyrir austan bæinn. Árið 1923 fórst maður í snjóflóði í gílinu sem er upp af bænum.

4.8 Skeiðflöt, um 1 km vestan við afleggjarann niður að Dyrhólaey

Fjarlægð íbúðarhúss frá brekkufætinum er um 40 metrar og α -horn upp á brún er 20° . Halli brekkunnar neðan brúnar er 23° . Að fjárhúsunum bæjarins er α -hornið 19° . Flóð féll við bæinn veturinn 1996 til 1997. Féll það vestan við verkstæðið á bænum. Það tók girðingar en ekki varð annað tjón. Halli brekkunnar þar neðan brúnar er 32° og α -horn flóðsins var 21° .

4.9 Aðrar upplýsingar um snjóflóð

Í bókinni „Skriðuföll og snjóflóð“ eftir Ólaf Jónsson² eru nokkrar heimildir um snjóflóð í Mýrdal í gegnum aldirnar. Hér á eftir fer upptalning á þeim tilvitnunum. Tiltekið er hvað ár flóðið á að hafa fallið og jafnframt vísað til þeirrar blaðsíðu í bókinni þar sem fjallað er um flóðið.

²Önnur útgáfa, þriðja bindi, Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík 1992.

Ár	Stutt lýsing	Blaðsíða
1797	Snjóflóð tók af annan bæinn á Fjósum í Mýrdal á jólaföstu, mannbjörg varð.	60
1824	Snjóflóð tók af baðstofukarm, líkl. á bænum Görðum í Reynishverfi, einn maður fórst.	78
1847	Bóndinn á Heiði fórst í snjóflóði.	92
1873–1876	Tveir menn slasast er þeir lentu í flóði á leið sinni upp í Lintóarhillur, sem eru um 2 km austan við Vík.	119
1895	Þrír menn lentu í snjóflóði í Mýrdal, ungur maður frá Fagradal fórst.	170
1901	Tveir vinnumenn frá Felli í Mýrdal lentu í snjóflóði og hröpuðu til bana.	175
1902	Vinnumaður í Kerlingardal í Mýrdal lenti í snjóflóði sem fleygði honum niður í Kerlingardalsá. Komst hann lífs af.	175
1906	Þrír drengir lentu í snjóflóði, sem sprakk fram úr brekkunni fyrir ofan sandinn í Vík. Enginn slasaðist alvarlega.	179
1921	Vinnumaður að Giljum í Mýrdal fórst í snjóflóði.	232
1968	Snjóflóð féllu að Lækjarbakka og Presthúsum. Fjöldi fjár drepst og töluverðar skemmdir urðu.	334
1969	Tvö snjóflóð féllu í Mýrdalnum eftir stórhrið og hvassviðri en ollu ekki tjóni.	336

5 HUGLEIÐINGAR

Fram að þessu hefur ekki verið talin ástæða til þess að snjóathugunarmaður sé staðsettur í Vík. Það er þó ljóst að í nágrenni Víkur er töluvert um snjóflóð. Hefur Mýrdalurinn lengi verið talin einn af „snjóflóðastöðum“ landsins. Ef snjóflóðavakt Veðurstofunnar hefur haft ástæðu til að ætla að snjóflóðahætta geti skapast í Mýrdalnum hefur hún haft samband við sýslumann. Það verður þó að segjast að lögreglan er ekki fær um að meta hvort snjóflóðahætta sé að skapast enda er það ekki í hennar verkahring. Við höfum góðan „tengil“ á svæðinu sem hefur áhuga á snjóflóðamálum og hefur oft verið okkur innan handar. Vegna þessa hefur komið upp sá misskilningur að hann sé snjóathugunarmaður, meira segja hjá lögreglunni og sýslumannsembættinu. Það er mjög óþægileg staða fyrir viðkomandi þar eð ætlast hefur verið til þess að hann segi til um hvar og hvenær eigi að rýma húsnaði á svæðinu.

Ef þessi aðili fengist til að vera snjóathugunarmaður fyrir svæðið og hlyti þjálfun hjá okkur, myndi það efla mjög eftirlit í Vík og nágrenni. Spurningin er hins vegar sú hvort snjóflóðahætta í þéttbýlinu Vík sé nægjanleg til að réttlæta stöðu athugunarmanns þar. Fastakostnaður vegna þess er hugsanlega um 80 þúsund krónur á ári. Við bætist unnir tímar. Þá þurfum við hvort eð er að borga, því ekki er eðlilegt að ætlast til að fólk vinni fyrir okkur endurgjaldslaust.

Í síðustu hrinu voru tvö hús rýmd í Vík. Hugsanlega hefði átt að rýma fleiri hús vegna þess að miklar hengju höfðu myndast ofan við húsin vestan Víkurbrautar. Brekkan er ekki há, en húsin neðan hennar virðast vera einföld timburhús sem ekki standast mikið álag. Sjá mynd 5. Er skemmst að minnast slyss sem varð í norðurhluta Quebec í Canada þar sem



Mynd 5. Hengjur ofan Víkurbrautar.

snjóþekja í mjög lítilli og meinlausri brekku gaf sig og féll niður á samkomuhús sem stóð undir brekkunni. Fórust 11 manns í því slysi.

Einnig þyrfti að athuga hvort þær aðstæður gætu skapast að snjóflóð félli úr austurhlíðum Reynisfjalls og í framhaldi af því, hvort mögulegt sé að flóð ofarlega úr fjallinu gætu náð alla leið niður í kaupúnið. Sjá mynd 6.

Vegna þessa má telja eðlilegt að Veðurstofan meti hvort gera eigi rýmingaráætlun af Vík og í kjölfar þess, hvort gera þurfi hættumat.

Veðuraðstæður fyrir hrinuna voru þannig að töluvert hafði snjóað í nágrenni Víkur en það var staðbundið og kom illa fram í veðurspám og úrkomutölum frá svæðinu. Þó var spáð miklum austlægum vindi og hefði það átt að vera næg ástæða til að hafa samband austur. Enn



Mynd 6. *Reynisfjall séð neðan úr Vík.*

komum við þó að því að við höfum engan ákveðinn aðila til að ræða við og þessa ákveðnu helgi var tengill okkar á snjóflóðaæfingu uppi á jökli.

